

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir dvalarheimilið Hlíð.*

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 11. desember 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir dvalarheimilið Hlíð.

Breytingin felur í sér að lóðinni með landnúmer 147149 er skipt upp í tvær lóðir ásamt því að syðsti hluti lóðarinnar þar sem nú eru bílastæði fellur inn í bæjarland Akureyrarbæjar. Fyrir breytingu var lóðin 21.812,9 m<sup>2</sup>. Eftir breytingu verður lóð dvalarheimilisins Hlíðar 15.006,6 m<sup>2</sup>, lóð undir raðhús verður 2.873,6 m<sup>2</sup> og eftir standa þá 3.932,7 m<sup>2</sup>, bílastæði og ný gata, sem falla inn í bæjarland Akureyrarbæjar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 16. janúar 2025,*

**Rebekka Rut Þórhallsdóttir**, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfudagur: 16. janúar 2025